

FERÐIN TIL ÞRYMHEIMA

Hún var glæsileg brúðurin sem sat við hlið Loka í vagninum hans Þórs þegar hann ók af stað til Jötunheima. Hárið var fagurlega uppsett í lokkum, brjóstin glerhörð og stingandi undir hvítum skósíðum kyrtlinum, lyklarnir hringluðu á kippunni og brísingamenið blikaði á barminum. Blæja var fyrir andlitinu og dýrir hringar glóðu á fingrunum. Þeir slógu í hafrana sem stukku af stað og hraðinn var slíkur að björg brotnuðu og steinar gneistuðu þegar hófarnir skullu á þeim.

Þrymur sá til þeirra og flýtti sér inn í höllina sína.

– Nú skuluð þið þekja bekkina með stráum og útbúa hina veglegustu veislu því að Freyja dóttir Njarðar í Nóatúnnum er á leið hingað til að giftast mér, sagði hann við hirðmennina.

Þegar hafrarnir runnu í hlað með kerruna stóð Þrymur úti og ávarpaði gestina:

– Hér á ég allt sem hugsast getur að verði jötnum til gleði, gullhyrndar kýr, kolsvarta uxa og ótalda dýrgripi. Það eina sem vantar er Freyja.

Þeir gengu inn og brátt hófst veislan. Fyrst var borið fram öl og dýrðlegur matur, bæði nautakjöt og lax. Þór hafði enga lyst haft síðasta sólarhringinn en tók nú rösklega til matar síns. Áður en nokkur vissi af var hann búinn að rífa í sig heilt naut og átta laxa en það var maturinn sem öllum konunum í veislunni hafði verið ætlaður. Með þessu þambaði hann þrjú ker af öli.

Þrym leist ekki á blikuna.

– Ég hef nú dvalið með jötnum alla mína daga en aldrei séð nokkra brúði éta og drekka annað eins, er þetta bara eðlilegt? stundi hann.

Loki hafði fylgst með Þór og reynt árangurslaust að gefa honum merki um að gæta sín á græðginni. Nú leit hann á Þrym og sagði grafalvarlegur:

– Vissulega er Freyja óvenju lystug í dag en á því er sú skýring að hún var svo spennnt að komast í Jötunheima að hún hefur hvorki braðgað vott né þurrt í átta daga.

Þá gekk Þrymur til Freyju.

– Ætlarðu að gefa mér einn koss, ljúfan? sagði hann, lyfti blæjunni og gægðist undir hana. En samstundis hrökk hann til baka og stundi:

– Hvernig stendur á að Freyja er svona grimmdarleg til augnanna?

– Það er ekkert að marka. Hún hefur ekki sofið blund í átta nætur fyrir spenningi, sagði Loki.

– Er það svo já? Þá er eins gott að hún þurfi ekki að bíða lengur eftir að verða konan mín, svaraði Þrymur.

Hvernig skrautgripi var Þór með þegar hann lagði af stað? _____

Hvernig vildi Þrymur láta skreyta bekkina í höllinni? _____

Hvað sagði Þrymur að væri það eina sem hann vantaði? _____

Hvað var í matinn í veislunni? _____

Af hverju hafði Þór svona góða lyst? _____

Hvað sagði Loki að væri skýringin á því hvað Þór var grimmdarlegur til augnanna?
